

Hafnarfirði, 23. júní 2023

## Velkomin/nn/ið í Flensborg!

Námsbraut:

Bekkur:

Flensborgarskólanum hefur borist umsókn frá þér um skólavist fyrir skólaárið 2023-2024. Hún hefur verið samþykkt og býð ég þig því velkominn í nemendahóp skólans. Skólavistina þarf að staðfesta með greiðslu skólagjalda. Skólinn sendir í dag greiðslukröfu í heimabanka eldra foreldris/forráðamanns þíns. Ekki verða sendir út greiðsluseðlar á pappír.

**Til að þú eigir örugga skólavist þarf að greiða greiðsluseðilinn ekki síðar en á eindaga, 10. júlí.**

Ef þú ætlar ekki að þiggja þetta boð er mikilvægt að þú látir strax vita í tölvupósti á [flensborg@flensborg.is](mailto:flensborg@flensborg.is). Það má einnig beina öðrum fyrirspurnum á þetta netfang en vakin er athygli á því að skrifstofa skólans er lokuð til 8. ágúst.

Á vef skólans, <http://www.flensborg.is>, má finna ýmsar upplýsingar varðandi námsbrautir, einstaka áfanga, félagslífið og skólareglur Flensborgarskólans, m.a. reglur um skólasókn.

Skólaárið hefst á kynningu fyrir nýnema **föstudaginn 18. ágúst kl. 11:00**. Þá koma bekkirnir saman ásamt hámarkskennara og farið verður yfir það helsta áður en kennsla hefst að lokinni skólasetningu **mánudaginn 21. ágúst**. Við viljum benda á að allir nýnemar þurfa að hafa **rafræn skilríki** fyrir þennan dag.

Flensborgarskólinn er á Facebook sem *Flensborgarskólinn í Hafnarfirði* og á Instagram undir nafninu *flensborgarskolinn*. Nemendafélag skólans er á Instagram undir *nffstjorn*. Á öllum þessum miðlum eru birtar fréttir og allar helstu upplýsingar um skólastarfið og nemendur og forráðamenn eru hvattir til þess að fylgjast með þar.

Við hlökkum til að sjá þig í haust!

Erla Sigríður Ragnarsdóttir  
Skólameistari Flensborgarskólans

Bréf þetta er einnig sent á foreldra/forráðamenn nemenda.